

hafa mótmælt, að svo sé, og hefur þeim mótmælum ekki verið hnekkt. Í veðbréfinu eru ekki skýr ákvæði um, að selja megi veðið á nauðungaruppbóði án undangenginnar aðfarar. Þegar af þessum ástæðum erum við samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna nauðungaruppbóðs. Þá erum við einnig samþykkir málskostnaðarákvæði dóms þeirra.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 15. júní 1982.

Umbeðið nauðungaruppbóð nær fram að ganga til lúkningar kr. 30.000.- ásamt 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 15.6.1981 til og með 20.4.1982, en 4% dráttarvöxtum frá og með 21.4.1982 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði til greiðsludags, kr. 3.000.- í innheimtulaun, kr. 215.- fyrir ritun uppboðsbeiðnar auk kostnaðar við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 22. maí 1984.

Nr. 41/1984. **Lögerfingjar Önnu Sigurbjargar Aradóttur**
gegn

Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík

Kærumál. Kvaðning skiptaráðanda á matsmönnum til ákvörðunar á verðmæti dánarbús í tengslum við erfðafjárskatt. Ómerking. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 22. febrúar 1984, er barst Hæstarétti 27. s.m. Dómkröfur þeirra eru þær að

hinn kærði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur frá 8. febrúar 1984 verði úr gildi felldur og skiptaráðandanum í Reykjavík gert að greiða kærumálskostnað.

Skiptaráðandinn, Ragnar Halldór Hall, borgarfégeti í Reykjavík, er kvað upp hinn kærða úrskurð hefur sent Hæstarétti athugasemdir samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973. Telur hann, að vísa beri kærumálskostnaðarkröfunni frá Hæstarétti, því að hún sé ekki nægjanlega tilgreind, þar eð skiptaráðendur séu fleiri en einn í Reykjavík. Verði eigi fallist á frávísunarkröfu þessa, krefst hann sýknu af málskostnaðarkröfunni.

Hinn 8. febrúar 1984 setti Ragnar Halldór Hall borgarfégeti skiptarétt Reykjavíkur að Reykjanesbraut 6 og bókaði eftirfarandi: „Fyrir var tekið: Skiptameðferð á dánarbúi Önnu Sigurbjargar Aradóttur og Stefáns Jónssonar.

Áður framlögð skjöl og endurrit fyrri þinghalda liggja frammi. Skiptaráðandi leggur fram:

Nr. 16 Staðfest endurrit dóms Hæstaréttar uppkveðins
19. desember 1983 í málinu nr. 220/1983.

Með dómi Hæstaréttar, sem að framan er greindur, var úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðinn 10. nóvember 1983, sem varðar skiptameðferð dánarbús þessa, felldur úr gildi. Hefur þar með verið hrundið þeirri ákvörðun skiptaráðanda, sem erfingjum og umboðsmönnum erfingja var tilkynnt með bréfi dags. 5. maí 1983, að framreikna með tiltekinni vísitölu verðmæti innanstokksmuna, bóka og höfundaréttinda, er metin voru við upphaf skiptameðferðar búsins.

Þar sem sýnt þykir, að verðmæti þessara eigna dánarbúsins muni nú vera að krónutölu annað en það var, er þær voru upphaflega metnar, er óhjákvæmilegt með vísan til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 30, 1921, sbr. 6. gr. laga nr. 50, 1972, að kveðja til óvilhalla menn til að meta þessi verðmæti að nýju. Er því í réttinum ex officio uppkveðinn svohljóðandi

Ú r s k u r ð u r:

Skiptaráðandi skal útnefna óvilhalla menn til að meta til peninga, innanstokksmuni, bækur og höfundaréttindi dánarbús Önnu Sigurbjargar Aradóttur og Stefáns Jónssonar“.

Skiptaráðandinn, Ragnar Halldór Hall, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð ex officio án þess að boða til skiptafundar og án þess að gefa erfingjum kost á að tjá sig um hinar fyrirhuguðu aðgerðir sínar. Þetta brýtur gegn þeirri grundvallarreglu réttarfarsins, að dómari skuli gefa aðiljum kost á að tala máli sínu, áður en dómur eða úrskurður er upp kveðinn. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Björns Sveinbjörnssonar, en geri eftirfarandi athugasemd um málskostnað:

Ég tel ekki vera grundvöll til að dæma kærumálskostnað úr hendi skiptaráðandans persónulega, svo sem felst í kröfugerð sóknaradilja, en tel koma til álita, að kærumálskostnaður ætti að greiðast úr ríkisjóði samkvæmt síðari hluta ákvæða 176. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun kærumálskostnaðar með þessum hætti hefur ekki stuðning meiri hluta dómara. Ég tel því, að kærumálskostnaður eigi að falla niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónsonar.

Við erum sammála dómsatkvæði hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Björns Sveinbjörnssonar að öðru leyti en um málskostnað af ástæðum þeim, sem hér greinir. Þetta er í annað sinn sem skiptaráðendur taka upp hjá sjálfum sér að kveða upp úrskurð varðandi verðmæti búsmuna í dánarbúi þessu, sem hrundið er í Hæstarétti.

Telja verður, að í máli þessu hafi skiptaráðandi ekki einungis

komið fram sem dómari, heldur hafi hann og með aðgerðum sínum verið að gæta hagsmuna erfðafjárjóðs sem viðtakanda erfðafjárskatts samkvæmt 11. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 30/1921, sbr. breyting á þeim lögum nr. 50/1972 og nr. 46/1978. Erfðafjárjóður, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1952, er eigi réttarfarslegur aðili að máli þessu. Verður því eigi hjá því komist að dæma skiptaráðandann, Ragnar Halldór Hall, til að greiða sóknaraðiljum kærumálskostnað, er ákveðst 3.000.00 krónur, enda fer það ekki á milli mála, að kröfu þessari er beint gegn honum, þar sem hann sem skiptaráðandi felldi hinn kærða úrskurð.

Við teljum því, að dómsorð ætti að vera svohljóðandi:

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ragnar Halldór Hall, skiptaráðandi í Reykjavík, greiði sóknaraðiljum, lögerfingjum Önnu Sigurbjargar Aradóttur, 3.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. febrúar 1984.